



## Framhaldsaðalfundur Hestamannafélagsins Fáks

Haldinn 8. mars 2022 klukkan 20:00 í félagsheimili Fáks

### 1. Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn.

### 2. Kosning starfsmanna

Formaður leggur til að hann sjálfur, Hjörtur Bergstað, verði fundarstjóri og Einar Gíslason fundarritari. Fundurinn samþykkti tillöguna.

### 3. Fundarstjóri kannar lögmæti fundarinns

Framhaldsaðalfundur Fáks var auglýstur á eftirfarandi hátt:

- 13. og 28. febrúar 2022 á heimasíðu Fáks
- 1. mars 2022 í Fréttablaðinu
- 1. mars 2022 með lesinni tilkynningu í útvarpi á samtengdum rásum Rás 1 og Rás 2.

### 4. Lagabreytingar

Fundarstjóri gefur þormóði Skorra Steingrímsyni orðið og kynnir hann helstu lagabreytingar.

#### *Haraldur Sigursteinsson biður um orðið:*

Gerir hann athugasemdir við breytingar á 14. grein er varðar að stjórn hafi heimildir til að veðsetja eignir án þess að bera undir félagsfund. Leggur hann til að þessari breytingu verði hafnað.

Gerir hann athugasemdir við breytingar á 16. grein. Gerir hann athugasemd um að ekki sé lágmarks þátttökuskylda á aðalfundum eða fundum þar sem ákvarðanir séu teknar.

Gerir hann athugasemdir við að fækka sé verið skoðunarmönnum ársreikninga í 7. grein og 5. grein.

Gerir hann athugasemdir við 6. grein um að félagsfundir geti verið boðaðir með 3 daga fyrirvara. Hefði hann óskað að þessi frestur væri lengri og meiri tími til að melta þau málefni sem þar á að ræða. Þá leggur hann til að í 6. grein verði bætt við að lagabreytingar og gögn séu kynnt á heimasíðu félagsins en liggi ekki einungis fyrir á skrifstofu.

#### *Þormóður Skorri fór yfir sjónarmið stjórnar við athugasemdir Haraldar:*

Varðandi breytingu á 14. grein er það sjónarmið stjórnar að heimild til veðsetningar án þess að bera það undir félagsfund sé með það að markmiði að auðvelda daglegan rekstur félagsins. Í sömu grein komi fram að óheimilt sé að selja eða kaupa fasteignir eða hefja byggingu nema með lögmæts félagsfundar svo hendur stjórnar Fáks sé alltaf bundnar við ákvarðanir félagsfundar.

HB 1 EG

Í 6. grein er ekki verið að breyta fyrirvara félagsfunda heldur aðeins hvernig er heimilt að boða til funda. Stjórn tekur undir punkt Haraldar um að kynna lagabreytingar í framtíðinni á heimasíðu um leið og þær liggja fyrir.

***Hljif Sturludóttir kom sjónarmiðum stjórnar varðandi 7. og 5. grein á framfæri.***

Hér er verið að tryggja það að skoðunarmenn uppfylli hæfisskilyrði eins og kemur fram í 32. grein laga um bókhald, 1994 nr. 145 29. desember. Ekki er verið að fækka skoðunarmönnum, þeir skulu að lágmarki vera einn eða fleiri samkvæmt 7. grein.

Bárust tvær aðrar athugasemdir úr sal við 14. grein af sama toga og Haraldur gerði hér að ofan.

**5. Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar**

3. grein – Samþykkt

5. grein – Samþykkt

6. grein – Samþykkt

7. grein – Samþykkt

12. grein – Samþykkt


14. grein – 11 með og 9 á móti. Breyting felld samkvæmt 16. grein eldri laga um að 2/3 fundarmanna burfi til að samþykkja breytingar.

16. grein – Samþykkt

**6. Fundi slitið**

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.

Fundarstjóri slítur fundi 20:55.



Hjörtur Bergstað, fundarstjóri



Einar Gíslason, fundarritari